



## **266. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 26. júní 2018 kl. 14 í Þekkingarsetrinu, Vestmannaeyjum.**

Mætt: Jón G. Valgeirsson, formaður, Ágúst Sigurðsson, Ari B. Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, varamaður, og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### **Dagskrá:**

#### **1. Undirbúningur aukaaðalfundar SOS**

Haldinn verður aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands í tengslum við aukaaðalfund SASS í Vestmannaeyjum miðvikudaginn 27. júní 2018. Farið var yfir dagskrá fundarins og efni hans.

#### **2. Yfirlit um störf stjórnar SOS.**

Formaður fór yfir yfirlit um störf stjórnar SOS síðustu misseri. Störf stjórnar verða kynnt á aukaaðalfundinum. Mikilvægt er að samfella verði í starfseminni þar sem viðamikil verkefni eru til úrlausnar sem varða sveitarfélögin miklu.

#### **3. Verkefni næsta starfstímabils**

Farið var yfir helstu verkefni sem eru framundan hjá stjórn og rætt um þau verkefni sem Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, hefur unnið að.

#### **4. Önnur mál**

##### **a) Aðalfundur Orkugerðarinnar**

Ásta Stefánsdóttir gerði grein fyrir aðalfundi Orkugerðarinnar sem haldinn var 22. júní s.l. og lagði fram ársreikning og rekstraryfirlit fyrir janúar til maí, sem kynnt var á fundinum. Guðmundur Tryggvi Ólafsson verður áfram fulltrúi í stjórn Orkugerðarinnar fyrir SOS.

##### **b) Samkomulag við SSH/Sorpu og staða mála varðandi móttöku á óvirkum úrgangi á Nessandi í Ölfusi**

Farið var yfir stöðu mála vegna samninga um sorpmóttöku í Álfsnesi. Stjórn samþykkir að óska eftir því við SSH að samningur sá sem nú er í gildi verði framlengdur þannig að ráðrúm verði til að kynna nýrri stjórn og nýju sveitarstjórnarfólki stöðu mála.

Formaður stjórnar þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið á starfsárinu sem er að ljúka.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.